

Stjórn Gígjunnar, símafundur sunnudaginn 12. mars 2016 kl 20:00-20:40

Mættar; Bryndís Bjarnarson formaður, Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður, Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Una Þórey Sigurðardóttir ritari.

Fjarverandi; Petra Jónsdóttir meðstjórnandi.

Fundarefni

1. Styrkbeiðni frá landsmótsnefnd kvennakóra.

Stjórn samþykkir að styrkja landsmótsnefnd vegna landsmótslagsins. Samkvæmt lögum tónverkasjóðs er heimilt er að veita styrk sem nemur allt að 33% af kostnaði við gerð tónverksins. Guðlaug gjaldkeri hefur samband við landsmótsnefnd, sér um að afgreiða styrkinn og fær upplýsingar um hvernig fjármögnun mótsins gangi.

2. Heiðursviðurkenningar. Rætt um hvort það ætti að veita heiðursviðurkenningu á landsmótinu á Ísafirði. Það kom fram að heiðursviðurkenningar hafa verið veittar á aðalfundum félagsins.

3. Borðfánar Gígjunnar. Guðlaug greindi frá að til er hátíðarfáni með merki Gígjunnar, auk þess um 50 stk borðfánar. Þessir hlutir eru í umsjá hennar og mun hún taka þá með til Ísafjarðar

4. Landsmót 2020. Bryndís formaður mun senda póst á formenn og kannar áhuga hjá aðildarkórnum um að halda næsta Landsmót kvennakóra. Síðustu fjögur mót hafa verið utan stór Reykjavíkursvæðisins, umræður sköpuðust um að nú er kannski kominn tími á mót þar.

5. Upplýsingar um Gígjuna og kynning á landsmótinu. Til er einblöðungur með upplýsingum um Gígjuna sem fylgdi mótsögnum á síðasta landsmóti, 2014. Kolbrúnu falið að kanna hvar þessi einblöðungur er og uppfæra eftir þörfum og koma til landsmótsnefndar sem mun koma þeim með í gögnum til allra þátttakenda landsmótsins.

6. Félagsgjöld og reikningar. Samkvæmt upplýsingum frá gjaldkera er staðan góð og vel hefur gengið að innheimta félagsgjöld.

7. Gjöf fyrir gestgjafa landsmóts. Gestgjafi landsmóts (kór) hefur fengið gjöf frá Gígjunni, a.m.k. síðustu skipti. Gjöfin hefur verið afsteypa af verkinu Harpa eftir Ásmund Sveinsson. Guðlaug tekur að sér að kaupa gjöfina og láta grafa í hana líkt og gert var á síðasta landsmóti.

8. Formannafundur. Umræðu um formannafund frestað til næsta fundar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 20:40.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir